

34 Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.
3. apríl

Utanríkisráðuneytið, 3. apríl 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

35
4. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 8. marz 1954, um váttryggingasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2.—3. málsl. 2. mgr. 133. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka jafnframt gildi aftur þau ákvæði í lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, og lögum nr. 103 23. des. 1952, um breyt. á siðarnefndu lögunum, sem felld voru úr gildi með lögum nr. 20 1954.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

36
4. apríl

L Ö G

um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsg.::

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkin við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af kostnaðarverði tækjanna.

2. gr.

36

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra einnig ná til sjúkrahúsa, 4. apríl sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. janúar árið 1952.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

37

4. apríl

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

L Ö G

38

4. apríl

um framlengingu á eignarskattsviðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og innheimtu eignarskatts árið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.